

Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Þuríður María Guðmundsdóttir
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Garðabær, 10. september 2024
Málsnúmer: 202407-0037
MH

Efni: Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 – Kjalarnes og dreifbýl svæði

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 18. júlí 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um verkefnislýsingu skipulagsgerðar og umhverfismats vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 á Kjalarnesi og dreifbýlum svæðum. Við endurskoðun aðalskipulagsins verður allt Kjalarnes til skoðunar að undanskyldum atvinnusvæðum á Álfsnesi og Esjumelum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér verkefnislýsinguna. Í henni kemur fram unnið verði að því að efla náttúru á svæðinu. Stofnunin bendir á að við Kjalarnes eru þrjú svæði sem tilnefnd hafa verið á B-hluta náttúruminjaskrár yfir náttúruminjar sem ætti að setja í forgang um friðlýsingu, þ.e. *Hofsvík*, sem er sérstæð vegna fjöruvistgerða, *Hvalfjörður*, sem er tilnefndur vegna fjöruvistgerða, fugla og sela og *Tröllafoss*, sem er tilnefndur vegna jarðminja. Í aðalskipulagi ætti að fjalla um þessi svæði og leggja áherslu á að þau beri að vernda.

Náttúrufræðistofnun telur jákvætt að sett verði viðmið og leikreglur varðandi skógrækt á bújörðum og landbúnaðarsvæðum og á öðru opnu landi. Stofnunin hvetur til þess að við skipulag skógræktarsvæða verði horft til þess að nota innlendar tegundir og að lögð verði áhersla á að vernda sjaldgæfar vistgerðir og líffræðilega fjölbreytni.

Í skýrslu Umhverfisstofnunar Íslands ehf. (*Environice*) um kolefnisbúskap landnotkunar í Reykjavík utan þéttbýlis, sem fylgir verkefnislýsinguinni, kemur fram að losun gróðurhúsalofttegunda vegna framræsts votlendis er afar mikil á Kjalarnesi, samanborið við önnur svæði innan borgarlandsins. Þar er hlutfall óræktaðs framræsts jarðvegs um 39,9% (1.022 ha) og því eru mikil tækifæri í endurheimt votlendis á svæðinu. Náttúrufræðistofnun tekur undir það sem fram kemur í skýrslunni, að full ástæða sé til að kortleggja raskað votlendi á skipulagssvæðinu og greina einkenni og notagildi hvers svæðis um sig. Þannig sé hægt að leggja áherslu á þau svæði þar sem líklegt er að mestur árangur náist í endurheimt. Gera má ráð fyrir að endurheimt votlendis dragi ekki einungis úr losun gróðurhúsalofttegunda, heldur er hún líkleg til að auka líffræðilega fjölbreytni og styrkja vistkerfisþjónustu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við verkefnislýsinguna.

Virðingarfyllt,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur